

Aldrei fleiri umsóknir um dvalarleyfi en á árinu 2007

Útlendingastofnun hafa aldrei borist fleiri umsóknir um dvalarleyfi en á árinu 2007, eða 17.408, miðað við 16.651 árið áður. Alls voru gefin út 13.565 dvalarleyfi og fjölgaði þeim um 676 frá árinu 2006. Nýjar umsóknir voru 10.500 árið 2007 og 9.700 árið 2006, aðrar umsóknir voru vegna óska um framlengingu á dvöl. Stærstur hluti þeirra sem sótti um dvalarleyfi hafði í hyggju að búa á höfuðborgarsvæðinu, samkvæmt upplýsingum Útlendingastofnunar, en flestir þeirra sem hugðust búa utan þess nefndu Reykjanesbæ, Fjóttsdalshérað og Fjarðabyggð.

Flestir frá Póllandi

Eins og undanfarn ár voru flestir þeirra sem fengu útgefin dvalarleyfi frá Póllandi eða 63% allra. Næstfjölmennastir voru Kínverjar eða 9% og 7% frá Litháen. Dvalarleyfi skiptast í nokkra flokka en langflestir koma hingað vegna vinnu. Að sögn Hildar Dungal, forstjóra Útlendingastofnunar, voru ríkisborgarar EES-ríkja langflestir eða 9.182, en borgarar ríkja utan EES voru 4.383 talsins. Í þessum tölum er tekið mið af útgefnum leyfum, en einhver fjöldi umsókna frá árinu 2007 er enn í vinnslu.



Hildur Dungal, forstjóri Útlendingastofnunar.

almennri afgreiðslu hjá sýslumönnum um land allt, auk Útlendingastofnunar. Hildur segir að þessi nýja og bætta þjónusta sýslumannsembættanna hafi gefið góða raun. „Þetta er gagnkvæmur ávinningur því sýslumannsembættin kynnast þeim útlendingum sem búa í þeirra umdæmum og útlendingarnir læra betur á embættin og þá þjónustu sem þar er veitt af hálfu hins opinbera.“

Hildur bendir á að ný dvalarleyfisskírteini sem byrjað var að framleiða í haust séu einnig liður í bættri þjónustu við ríkisborgara utan EES en þeir fengu áður límmiða í vegabréf sín og þurftu því að nýta þau til auðkenningar. Skírteinin eru úr plasti, í ökuskríteinastærð. Á þeim eru ítarlegri upplýsingar um dvalarleyfið en áður, m.a. kennitala handhafa. Þau eru framleidd af skilríkjadeild Þjóðskrár í Reykjanesbæ og eru send á heimilisföng umsækjenda í pósti.



Sýslumannsembættið í Keflavík.

Hægt að sækja um hjá sýslumönnum

Flestir þeirra útlendinga sem fengu útgefin dvalarleyfi á síðasta ári og ætla að setjast að annars staðar en á höfuðborgarsvæðinu nefna Reykjanesbæ sem fyrirhugaðan búsetustað. Guðgeir Eyjólfsson, sýslumaður í Keflavík, segir þetta ánægjulegt og brýnt að embættið geti veitt sem viðtækasta þjónustu.

„Það var okkur sýslumönnum um land allt ánægja að opna fyrir afgreiðslu á umsóknum um dvalarleyfi á síðasta ári og hefur verkefnið gengið vel,“ segir Guðgeir. „Þetta er í takt við þá almennu stefnu að efla þjónustu embættanna með því að fjölga verkefnum þeirra. Opinber þjónusta af þessum toga á að vera sem næst því fólki sem þarf á henni að halda og þar eru sýslumannsembættin kjörinn vettvangur.“



Ef frá eru taldir Pólverjar komu flestir EES-borgarar frá Litháen, Þýskalandi og Portúgal en frá ríkjum utan EES komu flestir frá Kína, eins og áður segir, en á hæla þeim koma Filippseyingar, Bandaríkjamenn og Tælendingar.

Meðalaldur karla sem sóttu um dvalarleyfi árið 2007 var 35,9 ár og kvenna 31 ár. Flest barna sem fengu dvalarleyfi á árinu 2007 komu frá Póllandi, næstflest frá Filippseyjum og svo frá Litháen. Meðalaldur drengja var 8 ár og stúlkna 9 ár.

Betri þjónusta

Hildur segir að á síðasta ári hafi þjónusta við þá útlendinga sem hingað koma til dvalar verið eflað til muna, m.a. með þeirri breytingu að opnað var fyrir umsóknir um dvalarleyfi í

Skipting ríkisfanga



Tíu fjölmennustu ríkisföngin voru með 10.408 dvalarleyfi útgefin og sýnir myndin skiptingu þeirra.

Útgefin dvalarleyfi milli ára

